

fjársoðu á mörkuðum þar í sýslunni, en með því að þjer hafið álitid, að reglur þessar, 78 sem þjer hafið sent hingað eptirrit af, væru þess eðlis að ekki væri unnt að samþykkja 30. júlí. þær, þar sem ýms ákvæði þeirra hefðu enga lagaheimild við að styðjast og yrðu ekki sett nema með lögum, hafið þjer fellt þær úr gildi til bráðabirgða og borið þenna ógildingarúrskurð yðar undir úrslit mín.

Fyrir því undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmaður, að með því að jeg er yður að öllu leyti samdóma um álit yðar á nefndum reglum, staðfesti jeg hjer með ógildingarúrskurð þann á reglum þessum, sem þjer hafið kveðið upp.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um hlunnindi handa sparisjóði.** — Ut af þar um innkomnu bónarbrjefi og samkvæmt heimild þeirri, sem landshöfðingjanum er veitt í tilsk. 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, veiti jeg hjer með sparisjóði Árnæssýslu á Eyrarbakka um 5 ára tímabil fyrst um sinn, er teljist frá 1 sept. næstkomandi, öll þau hlunnindi, er getur um í nefndri tilskipun, þó með þeim skilyrðum, að upphæð ábyrgðar þeirrar, er sett hefur verið fyrir sjóðnum, ekki skerðist, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje vandlega gætt og að send sjeu landshöfðingja á ári hverju eptirrit af reikningum hans, svo ber og að skýra landshöfðingja frá sjerhverri breytingu, er kann að verða gjörð á lögum sjóðsins og frá því, ef skiptir um ábyrgðarmenn sjóðsins samkvæmt 3. gr. laganna. 79 17. ágúst.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður, að tilkynna sýslumanninum í Árnæssýslu til birtingar fyrir forstöðunefnd sparisjóðs Árnæssýslu.

**Brjef landshöfðingja til forseta neðri deildar alþingis 1887, umboðsmanns Jóns Sigurðssonar um greiðslu kostnaðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 18. þ. m. og meðteknu í dag, hafið þjer, herra forseti, beiðst þess, að jeg ávísi cand. juris Páli Briem 2000 kr. af fje því, sem veitt er í 9. gr. fjárlaganna til kostnaðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks á landssjóðstekjum úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað. 80 21. ágúst.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, að jeg álit mjer ekki heimilt, að svo stöddu, að ávísa til útborgunar úr landssjóði neinu af því fje, sem veitt er í fjárlögum, til kostnaðar við málshöfðun útaf vanskilum C. Fensmarks, þegar af þeirri ástæðu, að mjer er ekki kunnugt um, að neitt mál sje höfðað útaf þessu tilefni, enda verð jeg að ætla, að um útborgun kostnaðar við slíka málshöfðun yrði að fara eins og um útborgun annars málskostnaðar, sem greiddur er úr landssjóði, þannig, að honum verði ekki ávísað nema eptir sundurliðuðum úrskurðuðum reikningi.

**Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um greiðslu kostnaðar við aðgjörð á Öskjuhlíðarvegi.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, skýrt mjer frá, að veganeftnd Reykjavíkur kaupstaðar hafi í síðastliðnum mánuði látið endurbæta veg þann, sem liggur inn fyrir Öskjuhlíð, en að bæjarstjórnin 81 27. ágúst.

**81** hafi neitað að borga kostnaðinn við þessa vegabót úr bæjarsjóði, af því að hún áleit, 27. ágúst. að þarsem vegabótin væri gjörð á aðalpósthvegi, ætti kostnaðurinn af henni samkvæmt lögum um vegi 10. nóvbr. f. á., 3. gr., að greiðast úr landssjóði, og hafið þjer beiðst úrskurðar míns um, hvort áminnztur vegabótakostnaður verði greiddur úr landssjóði ellegar hann skuli borgast úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, að eins og það aldrei hefur verið álitid neinum vafa undirorpid, smbr. dómsmálastjórnarbrjef 10. júlí 1863, að vegatilskipun 15. marz 1861, og vegalög 15. október 1875 næðu ekki til Reykjavíkur kaupstaðar, eins verð jeg að ætla, að hið sama sje um vegalögin 10. nóvbr. f. á., sem eru komin í stað fyrnefndrar tilskipunar og laga, og að því sjerstaklega snertir aðalpósthvegi, virðist það vera augljóst, að ákvæði laganna um þá eigi aðeins við um aðalpósthvegina fyrir utan kaupstaðina, svo er um ákvæði 3. gr., að aðalpósthvegir sjeu undir umsjón amtsráðanna, ákvæði 6. gr., að landshöfðingi ákveði eptir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfróðra manna, hvar aðalpósthleið skuli liggja um hjerað hvert, og ákvæði 8. gr., að sýslunefndir skuli ráða verkmenntil vegagjörða á aðalpósthleiðum, en bæjarstjórna er hvergi getid. Með því að Reykjavíkur kaupstaður þannig að ætlun minni, eins eptir að optnefnd lög 10. nóvember f. á. öðluðust gildi eins og fyrri, á að bera allan kostnað við vegagjörðir í umdæmi sínu, verður kostnaður sá við vegabót á Öskjuhlíðarveginum, sem hjer ræðir um, ekki greiddur úr landssjóði.

**82** Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um al-  
31. ágúst. þingismannskosningu í Norðurmúlasýslu. — Með því að 1. alþingismaður Norðurmúlasýslu, sýslumaður Einar Thorlacius, hefur sagt af sjer alþingismennsku, vil jeg hjermeð þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, með skýrskotun til 27. gr. laga um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, að hlutast til um að kosning fari fram hið fyrsta á alþingismanni fyrir Norðurmúlasýslu um kjörtíma þann, er Einar sýslumaður Thorlacius átti eptir.

Ef því verður við komid með hægu móti, ætti kosningin að fara fram þegar í haust, en að öðrum kosti eigi fyr en að vori, þó eigi síðar en 1. júní 1889.

**83** Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu  
13. ágúst. um reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum. — Með brjefi þessu staðfesti landshöfðingji nýja reglugjörð fyrir búnaðarskólann á Eyðum, er sýslunefndirnar í Múlasýslunum höfðu samið en amtsráð norður og austuramtsins gjört nokkrar breytingar og viðauka við.

**84**

### Reikningur

yfir tekjur og gjöld landsbankans árið 1887, eins og hann er úrskurðaður af landshöfðingja 10. septbr. 1888.

	Tekjur.	Kr.
1. Í sjóði 31. desbr. 1886 . . . . .		17525,03
		Flyt 17525,03